AUGLÝSING

um hættumat fyrir Flateyri.

Samkvæmt 2. mgr. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum hefur ráðherra þann 8. nóvember 2004 staðfest tillögur hættumatsnefndar Ísafjarðarbæjar að hættumati vegna ofanflóða fyrir Flateyri.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 17. nóvember 2004.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Magnús Jóhannesson.

19. nóvember 2004 Nr. 950

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpurðun í Sveitarfélaginu Skagafirði.

1. gr.

Sorphirðugjald í þéttbýli þar sem sorphirða fer fram:
Árlegt gjald miðað við ílát er sem hér segir:

Sorphirðugjald á ílát, íbúðarhúsnæði	kr. 7.950
Sorphirðugjald á ílát, sumarhús	kr. 2.750

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

2. gr.

Árlegt sorpurðunargjald frá atvinnurekstri og húsnæði í dreifbýli svo og öðru húsnæði og stofnunum, sem nota gáma og/eða hafa aðgang að urðunar- og söfnunarsvæðum sveitarfélagsins. Fyrirtækjum er raðað í flokka samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar miðað við magn og umfang úrgangs. Gjaldið er sem hér segir:

I.

Flokkur	1	kr.	6.200
Flokkur	2	-	37.100
Flokkur	3	-	111.300
Flokkur	4	-	222.600
Flokkur	5	-	445.200

Gjalddagi er 1. júní ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

II.

Bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi	kr.	7.700
Þjónustubýli	-	3.600
Sumarbústaðir	-	1.800

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

3. gr.

Kvörtun vegna álagningar eða innheimtu skal beina til tæknideildar sveitarfélagins.

4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá um sorphirðu og urðun í Sveitarfélaginu Skagafirði er lögveðsréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar er sett skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingu svo og samþykkt fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Skagafirði og öðlast gildi þann 1. janúar 2005.

Sauðárkróki, 19. nóvember 2004.

Ársæll Guðmundsson sveitarstjóri.

Nr. 951 15. nóvember 2004

REGLUR

um breytingu (20) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Upptalning á starfsnefndum háskólaráðs í 1. málsl. 11. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi: Á vegum háskólaráðs og rektors starfa eftirtaldar nefndir: fjármálanefnd, kennslumálanefnd, vísindanefnd, jafnréttisnefnd, markaðs- og samskiptanefnd og samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál.

2. gr.

Ákvæði 5. mgr. 46. gr. breytast og verða svohljóðandi:

Undanþága frá inntökuskilyrðum 1. og 2. mgr., sem veitt er á grundvelli 3. mgr., veitir einungis leyfi til nýskrásetningar í það nám sem umsækjandi hyggst stunda og á því háskólaári. Veitt undanþága gildir þó áfram þegar stúdent sem stundar námið í samræmi við reglur háskólans, skráir sig í námskeið við árlega skráningu. Óski stúdent, sem fengið hefur leyfi til að stunda nám í einni námsgrein á grundvelli undanþágu, eftir því að stunda nám í annarri grein, verður hann að sækja um sérstaka undanþágu til þess, og gildir það jafnt þótt námið sé innan sömu deildar. Sama gildir ef stúdent gerir hlé á námi sínu um eins árs skeið eða lengur.

3. gr.

Töluliðir 1, 2.1 og 2.2 í upptalningu lærdómstitla í 1. mgr. 54. gr. breytast og verða svohljóðandi:

1 Baccalaureus artium og Baccalaureus scientiarum, B.A./B.S., 3-4 ár eftir greinum.

2.1 Meistarapróf, Magister artium, Magister scientiarum, Magister paedagogiae, Master of Public Administration, Master of Laws, Master of Social Work, Master of Library and Information Science, Master of Health Informatics og Magister juris M.A./M.S./M.Paed./MPA/LL.M./MSW/MLIS/MHI/Mag.jur., 2 ár að jafnaði að loknu B.A./B.S. eða sambærilegu námi, eða samkvæmt því sem nánar er tilgreint í sérreglum deildar um námið, eða reglum settum af háskólaráði um þverfaglegt nám á meistarastigi.